

## REGLUGERÐ

### um búfjárhald í Neshreppi utan Ennis.

#### 1. gr.

Í Neshreppi utan Ennis er óheimilt að vera með búfjárhald nema hjá þeim bændum sem á lögbýlum búa og hafa landbúnað fyrir aðalatvinnu. Hreppsnefnd getur þó veitt öðrum sérstök leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Hver sá sem vill fá leyfi til búfjárhalds skal senda um það umsókn til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að hann beri að öllu leyti ábyrgð á því tjóni sem gripir hans kunna að valda.

#### 3. gr.

Lausagangur hrossa er með öllu óheimill í hreppnum. Einnig er allur lausagangur búfjár, hverju nafni sem nefnist bannaður innan girðingar umhverfis Rif og Hellisand. Hreppsnefnd er hvenær sem er heimilt að banna alla umferð með hross um þéttbýli (Rif og Hellisand) í hreppnum.

#### 4. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsunum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Öll óhreinindi frá búfénu (tað o. þ. h.) skulu fjarlægð og er með öllu bannað að safna neinu slíku utan húss né innan.

#### 5. gr.

Telji hreppsnefnd að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfi til búfjárhalds. Veita má leyfi ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur ítrekað reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

#### 6. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar sem reglugerð þessi mælir fyrir um, skal lögreglustjóri hlutast til um að búfé sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins þannig að það veldur tjóni eða óþrifum. Allan kostnað sem leiða kann af því að fjarlægja eða taka búfé úr umferð, sem brotlegt er samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri innheimta hjá eiganda búfjárins.

#### 7. gr.

Hver sá sem fær leyfi til búfjárhalds skal greiða árlega leyfisgjald og beitartoll til Neshrepps utan Ennis. Með greiðslu beitartollsins fær leyfishafi lausagöngu fyrir búfé sitt í eignarlandi hreppsins. Gjöld þessi skulu miðast við tegund og fjölda gripa. Þegar hreppsnefnd ákveður upphæð þessara gjalda skal hún hafa til hliðsjónar þann kostnað sem sveitarsjóður þarf til að greiða vegna búfjárhalds í hreppnum, svo sem vörslu lands, kostnað við smölun o. fl. Gjöld þessi mega ekki verða tekjustofn til annarra verkefna sveitarfélagsins.

## 8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjánhald girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum og skipuleggja landsvæði fyrir búfjánhald utan þeirra marka fyrir leyfishafa. Stefnt skal að því að allt búfjánhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 1. okt. 1980.

## 9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50 000. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjánhald í kaupstöðum og kauptúnum, sbr. lög nr. 38 23. maí 1980, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. desember 1980.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um bann við veiðum loðnubáta.**

## 1. gr.

Frá 1. janúar 1981 til 10. febrúar 1981, eða þangað til annað verður ákveðið, er loðnubátum sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 425/1980, bannað að stunda fiskveiðar með netum, botn- og flotvörpu og línu.

## 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. desember 1980.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*